

Byggingarnefnd íþróttamannvirkja í Búðardal Fundargerð, 2. fundur.

Fundur haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og fjarfundi 7. mars 2022. Fundurinn hófst kl. 16:07.

Fundarmenn: Einar Jón Geirsson, Guðlaug Kristinsdóttir (í fjarfundi, tengdist fundinum kl. 16:30), Jón Katarínusson (í fjarfundi), Kristján Sturluson (í fjarfundi), Ragnheiður Pálsdóttir, Skúli Guðbjörnsson og Puriður Sigurðardóttir (í fjarfundi). Auk þess sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson og Sæþór Kristinsson starfsmenn Dalabyggðar.

1. Ákvörðun um útboðsleið.

Rætt um mismunandi leiðir við útboð.

Rætt um jarðvegsnámur vegna framkvæmdanna.

RARIK hefur staðfest að hægt verður að útvega nægilegt heitt vatn fyrir sundlaugina (6x25 metra laug, dýpi frá 1 í 2 metra).

Anna M. Þráinsdóttir og Ragnar Ómarsson hjá Verkís tengdust fundinum í gegnum fjarfundabúnað kl. 16:30.

Talið er að fleiri kostir við alútboð, það sé hagstæðara og styttri tími. Hægt er að hafa jarðvinnu inni alútboði sem sér áfanga með skiladagsetningu með dagsektum um miðjan ágúst.

Forvalsgögnin nýtast en þarf að vinna áfram. Ragnar segir að mögulega verði hægt að auglýsa alúboð fyrir páska. Tilboðsfrestur yrði 6 vikur (skilafrestur maí/júní).

Byggingarnefnd íþróttamannvirkja leggur til við sveitarstjórn að farið verði í alútboð vegna byggingar íþróttamiðstöðvar í Búðardal. Alútboðið taki til allra verkþátta þ.m.t. jarðvinnu. Byggingarnefndin leggur til við sveitarstjórn að ákvörðun 214. sveitarstjórnarfundar 10.02.2022 um útboð jarðvegsvinnu verði dregin til baka.

Næsti fundur verður 17. mars kl. 14:00.

Fundi slitið kl. 17:30.

Fundargerð rituðu Kristján Sturluson og Kristján Ingi Arnarsson

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Skúli Guðbjörnsson, 08.03.2022, kl. 22:00

Einar Jón Geirsson, 08.03.2022, kl. 21:08

Ragnheiður Pálsdóttir, 08.03.2022, kl. 20:19

Guðlaug Kristinsdóttir, 08.03.2022, kl. 20:14

Puriður J. Sigurðardóttir, 08.03.2022, kl. 20:12

Jón M. Katarínusson, 09.03.2022, kl. 10:23



SVEITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR
Kristján Sturluson